

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 275/1986. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Sigvalda Jónssyni**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1986 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði óskaði ekki áfrýjunar. Af hálfu ákærvalds er dóminum áfrýjað til þyngingar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða.

Ákærði hefur áður sætt 22 refsíðómum hér á landi og einum í Svíþjóð. Flestir eru dómarnir fyrir auðgunarbrot. Hinn síðasti dóma þessara var dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1984 (2 mánaða fangelsi fyrir fjárvik). Með hliðsjón af 255. sbr. 71. gr. svo og af 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er ákærða varðar og dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er ákærða varðar.

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. maí 1986.

Ár 1986, mánudaginn 5. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 259-260/1986: Ákærvaldið gegn E og Sigvalda Jónssyni, sem dómtekið var 30. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. mars 1986 á hendur E, fæddum 22. mars 1939 í Reykjavík, og Sigvalda Jónssyni sjómanni, Einarsnesi 40, fæddum 21. júní 1948 í Reykjavík, báðum þar í borg, „fyrir eftirgreind brot framin í Reykjavík á árinu 1985:

1) Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa:

a) Í maímánuði stolið á heimili ákærða Sigvalda að Bergstaðastræti 8, Reykjavík, orlofsávisun að fjárhæð kr. 20.145, útgefin af Póstgíróstofunni til Ásdísar Þrjár Höskuldsdóttur, Bergstaðastræti 8, Reykjavík, og síðan sviðið til sín andvirði hennar með því að framvísa í pósthúsinu Pósthússtræti 5, Reykjavík, vottorði, dagsettu 7. maí 1985, sem þeir fölsuðu með nafni Ásdísar Þrjár, þar sem hún er sögð veita Sigvalda Jónssyni umboð til að taka út orlofsfé hennar fyrir árið 1984-85, kr. 20.145.

Telst takan á ávisuninni varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og framvísun hins falsaða umboðs við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

b) Dvalið tvær nætur og neytt veitinga á Hótel Valhöll á Þingvöllum 24. og 25. ágúst en horfið skyndilega af hótelinu að því búnu án þess að greiða reikninginn, sem nam kr. 26.755.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði E til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

I.

Málavextir.

Ákærði Sigvaldi hefur skýrt frá því að þeir meðákærði E hafi setið að drykkju í húsinu nr. 8 við Bergstaðastræti í Reykjavík í maíbyrjun 1985. Þá hafi borist í húsið orlofsávisun á nafn Ásdísar Þrjár Höskuldsdóttur, sem átti áður heima í húsinu en hafi verið flutt burtu. Þeir hafi ákveðið að slá eign sinni á ávisunina og fényta sér hana. Þeir hafi í því skyni útbúið umboð til ákærða Sigvalda í nafni Ásdísar Þrjár til þess að innleysa ávisunina og hafi meðákærði E ritað nafn Ásdísar undir umboðið og einnig nafn votts, Þorláks Víkings Þórðarsonar. Að fenginni áritun trúnaðarmanns verkakvennafélagsins Framsóknar innleystu þeir ávisunina í krafti hins fals-

aða umboðs í póststofunni í Pósthússtræti 5 hér í borginni og fengu þar greiddar út kr. 20.145.

Ákærði E viðurkendi við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa verið við drykkju ásamt meðákærða Sigvalda og fleira fólki á Bergstaðastræti 8 um þetta leyti. Hann kvaðst þá ekki muna eftir orlofsávisuninni, en kannaðist við að hafa ritað nafn Ásdisar Þrjár undir umboðið. Hann kvaðst þó ekki hafa ritað nafn vottsins, en vildi ekki rengja skýrslu meðákærða um önnur atriði.

Í þinghaldi 2. apríl dró ákærði framburð sinn til baka og kvaðst hafa verið illa fyrirkallaður við yfirheyrslu hjá lögreglunni og hann hefði ekki átt þátt í töku og notkun orlofsávisunarinnar.

Telja verður að með játningu ákærða Sigvalda og öðru sem liggur fyrir í málinu sé komin lögfúll sönnun fyrir því að hann hafi slegið eign sinni á orlofsávisunina, sem málið snýst um og fénytt sér hana með því að framvísa fölsuðu umboði í póststofunni.

Hefur hann með þessu unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Enda þótt líkur séu fyrir því að ákærði E hafi átt þátt í brotinu með meðákærða Sigvalda, þykir eigi óhætt, gegn neitun ákærða í dómi, að telja hann sannan að því. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

2) Ákærðu eru saksóttir í máli þessu fyrir hótelsvik. Meðal gagna málsins er ekkert, sem snertir þær sakargiftir og þrátt fyrir eftirgrennslan hjá ákæruvaldinu hafa ekki fundist nein gögn þar að lútandi. Er því ekki unnt að leggja dóm á sakarefni þetta og ber að vísa ákærulið þessum frá dómi.

II.

Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigvalda hlaut hann ákærufréstun 1964 fyrir þjófnað og skjalafals. Síðan 1965 hefur hann hlotið 21 áfellsdóm, síðast 14. maí 1984.

Ákærði er því vanaafbrotamaður og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 8 mánuði.

Dæma ber ákærða E til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur í málsvarnarlaun.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt annan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði E sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Sigvaldi Jónsson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði E er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppsögu.

Ákærði E greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 15.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 260/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurði Árna Jónssyni

(Othar Örn Petersen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð, en verjandi ákærða, Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður, lýsti yfir því að hann gerði eigi kröfu til málsvarnarlauna.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Árni Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur.